

STÍKLUR

um alþjóðamál

WWW.STIKLUR.IS • 7. DESEMBER 2007 • 4. ÁRG. • WWW.UTANRIKISRADUNEYTIÐ.IS

Bann við notkun klasaspengja

138 ríki tóku þátt í ráðstefnu um gerð samnings um bann við notkun klasaspengja sem lauk í Vín í Austurríki í dag. Þetta samningsferli hófst í Osló í febrúar sl. þegar 46 ríki, þar á meðal Ísland, samþykktu yfirlýsingu þess efnis að stefna að gerð alþjóðlegs samnings sem kvæði á um bann við notkun, framleiðslu, sölu og varðveislu klasaspengja fyrir lok næsta árs. Gert yrði ráð fyrir að samningurinn tæki einnig yfir aðstoð við fórnarlömb klasaspengja, hreinsun á svæðum þar sem klasaspengjur er að finna og eyðingu birgða.

Samtök fatlaðra (Handicap International) hafa áætlað að 400 milljónum manna stafi hætta af klasaspengjum sem hafa ekki sprungið. Sl. 40 ár hafi orðið 13.000 fórnarlömb af völdum þessara vopna, þar af 98% almennir borgarar. Samtök kvenna (Women's International League for Peace and Freedom) telja að klasaspengjur bitni af mestum þunga á konum. Gallaðar klasaspengjur ógna ekki eingöngu almennum borgurum, heldur einnig friðargæsluliðum og sprengjuleitarsveitum, en Ísland tekur þátt í báðum þessum verkefnum.



Þróunarbanki Evrópuráðsins

Bankaráð Þróunarbanka Evrópuráðsins samþykkti á aðalfundi sínum, föstudaginn 29. nóvember sl. að Jón Sigurðsson fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi bankastjóri Norræna fjárfestingabankans í Helsinki, NIB, skuli skipa eitt þriggja sæta í ráðgjafanefnd reyndra einstaklinga úr evrópsku og alþjóðlegu bankastarfi og fjármálagjöf Evrópu, sem gera mun úttekt á starfsemi bankans og tillögur til úrbóta.

Undanfari þessa var ákvörðun bankastjóra Evrópuráðsbankans, Raphael Alomar, og bankastjórnarinnar að leggja fyrir bankaráðið nöfn nokkurra valinkunnra einstaklinga úr evrópsku og alþjóðlegu bankaumhverfi, sem hafin væru yfir allan vafa og sem aðildarríkin 39 gætu hugsanlega sæst á. Hinir tveir fulltrúarnir í ráðgjafanefndinni eru frá Spáni og Ungverjalandi, þeir Enrique Iglesias, fyrrverandi bankastjóri Inter-American Development Bank í Washington sem er þróunarbanki Suður-Ameríkúríkja og Miklos Nemeth, fyrrverandi forsætisráðherra Ungverjalands og fyrrverandi aðstoðarbankastjóri Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD) í London. Þá er gert ráð fyrir að Jacques de Larosière fyrrverandi bankastjóri EBRD, fyrrum aðalbankastjóri seðlabanka Frakklands og framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyris-sjóðsins í Washington starfi með ráðgjafanefndinni.

Hlutverk bankans:

Meginhlutverk bankans er að styðja við bakið á uppbyggingu á fátækustu svæðum Evrópu á félagslegum og þróunarlegum forsendum. Lánin eru veitt með betri kjörum en gerist almennt á evrópskum lánamarkaði. Vel hefur þótt takast til í starfsemi bankans undanfarin ár þar sem hann er með AAA-mat og hefur skilað umtalsverðum hagnaði síðastliðin ár. Á vegum Þróunarbankans hefur einnig verið lögð á það áhersla að veita lán til efnaðri ríkja álfunnar þar sem rökstutt hefur verið að lánin fari til félagslegra markmiða og einnig til umhverfismála.

Fulltrúi Íslands í bankaráði Þróunarbankans er Stefán Lárus Stefánsson fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg. Jafnframt situr Árni Gunnarsson fyrir Íslands hönd í framkvæmdaráði Þróunarbankans.